

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kjósarhreppi.

Frístundasvæði í landi Eyja 1, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps samþykkti 6. mars 2024 tillögu að breytingu á deiliskipulagi.

Breytingin felur í sér breytingu á lóðamörkum Eyjatúns 25, frá því sem er í eldra deiliskipulagi. Eyjatún 25 stækkar. Fyrir breytingu er lóðin 1.600 m² en verður eftir breytingu 2.503,5 m². Viðbótarlandið, 903,4 m², kemur úr landi Eyja 1. Fyrir liggur samþykki landeiganda Eyja 1 fyrir breytingunni. Breyting deiliskipulagsins hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr., ekki var talin þörf á grenndarkynningu skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kjósarhreppi, 13. mars 2024.

F.h. sveitarstjórnar Kjósarhrepps,

Helena Ósk Óskarsdóttir, sérfræðingur á skipulagssviði.